

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

5.9.2014  
2014-08-24 / 0.11.1

### Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um kerfisáætlun

Landsnet vísar til auglýsingar á heimasiðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis þar sem drög að frumvarpi um breytingu á raforkulögum vegna kerfisáætlana eru lögð fram til opinberrar kynningar og umsagnar. Félagið fagnar því að vandað er til undirbúnings frumvarpsins áður en það verður lagt fram á Alþingi, enda um mikilvægt mál að ræða sem viðtæk sátt þarf að náast um. Samráð var haft við Landsnet við samningu frumvarpsins, eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsdraganna, og þakkar félagið fyrir það tækifæri.

#### Almennar athugasemdir

Undirbúnungur stærri framkvæmda í raforkuflutningskerfinu er flókið ferli sem krefst að komu margra aðila, jafnt stjórvalda sem og landeigenda. Framkvæmdir í meginflutningskerfinu ná yfir viðfeðm svæði og eru því iðulega háðar að komu margra sveitarfélaga og mikils fjölda landeigenda. Þá eru framkvæmdirnar háðar umfjöllun og leyfum ýmissa stjórnsýslustofnana með tilheyrandi umsagnar- og kæruperlum. Þótt vanda þurfi til alls undirbúnings framkvæmda af þessum toga verður einnig að hafa í huga þær lagalegu skyldur sem hvíla á flutningsfyrirtækjini varðandi uppbyggingu flutningskerfisins. Um nokkurt skeið hefur m.a verið aðkallandi að ráðast í styrkingu á byggðalinuhluta flutningskerfisins. Afar hægt hefur gengið að ljúka undirbúningi þeirra framkvæmda þar sem m.a. óskir um breytingar á skipulagsáætlunum hafa ekki hlutið afgreiðslu og mál sitja föst í langdregnum kæruperlum. Þá hafa komið upp nýjar flækjur, nú síðast þegar sveitarfélög hafa farið fram á frestun eða afturköllun skipulagsákværðana vegna framkvæmda í flutningskerfinu með vísan til ákvæða skipulagslaga.

Í almennum athugasemdum frumvarpsdraganna kemur fram að tilefni lagasetningarinnar er fyrst og fremst að innleiða ákvæði 22. gr. þriðju raforkutilskipunar Evrópusambandsins um kerfisáætlunar í raforkuflutningsfyrirtækja. Þá er rakið að í skýrslu nefndar um mótu stefnu um lagningu raflína í jörð er lagt til að ákvæðin verði innleidd þar sem það leysi vandamál tengd fyrirkomulagi kerfisáætlunar í stjórnerfinu. Í þessu sambandi leggur Landsnet áherslu á það markmið, sem fram kemur í umfjöllun um meginnefni frumvarpsdraganna, að kerfisáætlun fái traustari grundvöll, auk þess sem ferlið í kringum kerfisáætlun verði notað til að straumlínulaga undirbúning og fyrirkomulag leyfisveitinga og gera ferla skilvirkari og gagnsærrí. Náist þetta ekki fram eru breytingarnar eingöngu til þess fallnar að lengja og flækja ferlið enn frekar. Einföldun næst að hluta til með breytingum á regluverki, en til að ná fram aukinni skilvirkni og samstöðu verður jafnframt að horfa til annarra atriða sem stytt geta þann tíma sem það tekur að undirbúa stærri framkvæmdir. Þannig þurfa úrskurðaraðilar að vera í stakk búinir til að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin og þeim gert kleift að afgreiða mál í samræmi við þær lagakröfur sem gerðar eru. Þá þarf að tryggja að sambærileg mál hjá hlíðsettum stjórnvöldum gangi greiðlega fyrir sig, þannig að afgreiðsla mismunandi sveitarfélaga á málum vegna sömu framkvæmdar fylgist að.

Hvað varðar einföldun og aukna skilvirkni eru frumvarpsdrögin skref í rétta átt og er Landsnet fylgjandi framlagningu frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsdraganna um skipulagsmál eru í anda þess sem kveðið er á um í vegalögum og fela í sér málamiðun milli ólíkra sjónarmiða og mismunandi hagsmunu. Koma verður í ljós hvort vandaðri undirbúnungur kerfisáætlana og aukið samráð á fyrri stigum séu



framfaraskref í undirbúningsferli framkvæmda í meginflutningskerfinu. Landsnet vill setja fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar varðandi einstakar greinar frumvarpsins.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar og ábendingar**

Í 2. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að í 5. mgr. 9. gr. a sé kveðið á um að nánari útfærsla mannvirkja vegna uppbyggingar flutningskerfisins, svo sem hvort um er að ræða raflínu í jörð eða loftlínu, ráðist af almennum opinberum viðmiðum stjórnvalda hverju sinni. Landsnet telur að rétt sé að vísa með beinum hætti til opinberrar stefnu um lagningu raflína.

Í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. núgildandi raforkulaga er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Ný 4. mgr. 9. gr. a felur í sér breytingu sem leiðir til þess að flutningsfyrirtækinu ber auk ofangreindra atriða að taka tillit til opinberra viðmiða. Til að taka af vafa um skyldur flutningsfyrirtækisins mætti skoða að bæta orðunum „opinber viðmið“ við upptalningu 1. málsl. 1. mgr. 9. gr.

Í 2. mgr. 37. gr. núgildandi raforkulaga er kveðið á um að ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sem fjallað er um í 2. mgr. 9. gr. sæti kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til á 2. mgr. 9. gr. er rétt að skoða hvort breyta þurfi 2. mgr. 37. gr. þannig að skýrt sé að tilkynningar til Orkustofnunar vegna framkvæmda sem eru í samræmi við framkvæmdaáætlun sæti ekki kæru skv. 2. mgr. 37. gr. Þá mætti að ósekju skýra í greinargerð aðkomu Orkustofnunar að staðfestingu kerfisáætlana.

#### **Niðurlag**

Eins og áður greinir telur Landsnet frumvarpsdrögin skref í rétta átt og er fylgjandi framlagningu frumvarpsins. Landsnet er sem fyrr reiðubúið að koma að frekari undirbúningi frumvarpsins ef eftir því er leitað.

Virðingarfyllst,

Þórður Guðmundsson, forstjóri.